

Menningar- og ferðamálaráð

Ár 2018, mánudaginn 12. mars, var haldinn 300. fundur menningar- og ferðamálaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Revkjavíkur og hófst hann kl. 13:30. Viðstödd voru: Elsa Hrafnhildur Yeoman, Þórgnýr Thoroddsen, Margrét M. Norðdahl, Stefán Benediktsson, Marta Guðíonsdóttir og Þorgerður Agla Magnúsdóttir. Áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina: Bergbór Smári Pálmason Sighvats. Áheyrnarfulltrúi BÍL: Erling Jóhannesson. Af hálfu starfsmanna: Huld Ingimarsdóttir, Signý Pálsdóttir, Arna Schram og Inga María Leifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. mars 2018, þar sem fram kemur að á fundi forsætisnefndar þann 2. mars 2018 hafi verið tilkynnt að Rakel Dögg Óskarsdóttir taki sæti sem áheyrnarfulltrúi í menningar- og ferðamálaráði í stað Magnúsar Arnars Sigurðssonar. RMF14060015
2. Fram fer umræða um ársuppgjör menningar- og ferðamálasviðs 2017. RMF17050011
- Kl. 13:36 tekur Jóna Hlíf Halldórsdóttir sæti á fundinum.
3. Lagt fram bréf fjármálaskrifstofu, dags. 28. febrúar 2018, með tíma- og verkáætlun vegna undirbúnings og vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir árin 2019-2023, ásamt reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.
4. Lagt fram svar menningar- og ferðamálasviðs, dags. 2. mars 2018, við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi yfirlit yfir tillögur, bókanir og fyrirspurnir fulltrúa Sjálfstæðisflokksins á kjörtímabilinu, sbr. 11. lið fundargerðar menningar- og ferðamálaráðs frá 26. febrúar 2018. RMF18030001

Fulltrúar Pírata, Samfylkingar og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er álit fulltrúa Pírata, Samfylkingar og Vinstri grænna í menningar- og ferðamálaráði að fulltrúar ráðsins séu fullfærir um að hafa yfirsýn yfir eigin fyrirspurnir og tillögur. Það er sjálfsagt að ítreka afgreiðslu tillagna og fyrirspurna en það er í besta falli furðulegt að eyða tíma starfsmanna sviðsins í fyrirspurnir sem þessa.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Það ætti að vera hlutverk skilvirkrar stjórnsýslu að tillögur, fyrirspurnir og bókanir sem lagðar eru fram í ráðinu séu tiltækar á hverjum tíma. Og haldið sé utanum þær með þeim hætti að auðvelt sé að framvísa þeim þegar eftir þeim er kallað. Minnihlutinn hefur svo sannarlega ekki verið að íþyngja stjórnsýslunni með slíku sjálfsögðu verklagi að auðvelt sé að nálgast upplýsingar á kjörtímabilinu.

5. Lagt fram erindisbréf, dags. mars 2018, vegna skipunar í verkefnisstjórn 17. júní hátíðahalda 2018. RMF18030003
Samþykkt.
6. Lögð fram svohljóðandi tillaga safnstjóra Listasafns Reykjavíkur:

Lagt er til að Reykjavíkurborg kaupi brons skúlptúrinn Íslandsvarða eftir Jóhann Eyfells sem stendur við Sæbraut. Kaupverð verksins er 27,5 milljónir króna.

Tillögunni fylgir greinargerð. RMF17100011

Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins.

Vísað til borgarráðs til ákvörðunar um fjármögnun.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að í stað þess að kaupa verkið verði öðrum listamönnum gefið færi á að sýna verk sín á þessum fjölfarna og eftirsóttu stað þar sem Íslandsvarðan stendur nú.

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 14:07 tekur Börkur Gunnarsson sæti á fundinum.

7. Fram fer kynning á fyrirhugaðri samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð. RMF18030004

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Lagt fram bréf forstöðumanns Listasafns Reykjavíkur, dags. 25. janúar 2018, varðandi skipan í dómnefndir vegna fyrirhugaðrar samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð. Samþykkt með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Vinstri grænna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við atkvæðagreiðsluna. RMF18030004

Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Fram fer umræða um borgarlistamann 2018. RMF18020005

10. Fram fer kynning á verkefninu Tónlistarborgin Reykjavík. RMF18010001

María Rut Reynisdóttir, verkefnastjóri Tónlistarborgarinnar, tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. Lögð fram drög að nýjum samningi, dags. 28. febrúar 2018, vegna Reykjavíkur Loftbrúar 2018. RMF18010004
Samþykkt.

12. Lagt fram minnisblað sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs, dags. 7. mars 2018, vegna þjónustuborðs Strætó bs. í Upplýsingamiðstöð ferðamanna. RMF18020003

13. Lögð fram tillaga, dags. mars 2018, að skipan í ráðgefandi faghóp vegna styrkja til myndríkrar útgáfu/miðlunar. RMF18020021
Samþykkt.

14. Lagt fram að nýju boðsbréf á fund menningarmálanefnda í Osló í 23.-25. maí 2018, dags. febrúar 2018. RMF18020018
Samþykkt að Þórgnýr Thoroddssen, fulltrúi Pírata, og Rakel Dögg Óskarsdóttir, áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina, verði fulltrúar ráðsins á fundinum.

Fundi slitið kl. 16:15

Elsa Hrafnhildur Yeoman

Þórgnýr Thoroddssen
Stefán Benediktsson
Börkur Gunnarsson

Margrét Norðdahl
Marta Guðjónsdóttir
Þorgerður Agla Magnúsdóttir